



Knattspyrnufélag ÍA

Eggert Herbertsson, formaður

Eyjólfur Vilberg Gunnarsson, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 30. október 2024

Úrskurður: Skýrsla eftirlitsmanns á leik ÍA og Víkings R. þann 19. október 2024

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 29. október 2024, var tekin fyrir skýrsla frá eftirlitsmanni KSÍ á leik ÍA og Víkings R. í Bestu deild karla þann 19. október sl. Í samræmi við ákvæði 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í Íslandsmóti KSÍ. Í skýrslu eftirlitsmanns í leiknum kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Leikmenn heimaliðs voru mjög ósáttir í leikslok og spörkuðu í hurð dómaraklefa eftir að dómarmen voru komnir þar inn. Gæslumaður tók sér stöðu við dyrnar og reyndi að tryggja dómurum og eftirlitsmanni vinnufrið. Þrátt fyrir veru gæslumanns tókst einum leikmanni að sparka í hurðina meðan eftirlitsmaður var þar inni. Eftir að hafa farið yfir leikinn með dómurum beið eftirlitsmaður frammi og fór svo ásamt gæslumanni heimaliðs sem hafði gætt dómaraklefans samferða dómurum að bíl þeirra, til að tryggja að brottför yrði án frekari atburða.“

Á fundi þann 22. október leit aga- og úrskurðarnefnd svo á að atvik þau sem lýst er í tilvitnaðri skýrslu eftirlitsmanns, gæti varðað við grein 4.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, grein 13 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, sbr. einnig 5.10. laga KSÍ. Taldi nefndin því brýnt að falast eftir greinargerð/athugasemdum frá viðkomandi aðildarfélagi áður en málið yrði tekið fyrir.

Á fundi nefndarinnar þann 29. október 2024 lá fyrir greinargerð frá knattspyrnufélagi ÍA. Að virtri greinargerð ÍA og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það álit nefndarinnar að framkoma leikmanna eftir framangreindan leik ÍA og Víkings R. hafi verið ámælisverð og falli undir ákvæði greinar 5.10 laga KSÍ. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Sérhvert aðildarfélag skal bera ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna ámælisverðrar eða ósættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda KSÍ, og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum KSÍ.“

Með vísan til framangreinds ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, sbr. grein 44. Laga KSÍ, að sekta Knattspyrnudeild ÍA vegna framkomu leikmanna, nánar tiltekið vegna framkomu eftir leik. Þykir upphæð sektar knattspyrnufélags ÍA hæfilega ákveðin kr. 25.000,-. Við ákvörðun viðurlaga tekur nefndin mið af góðum viðbrögðum gæslumanna á vegum ÍA vegna þeirra atburða sem lýst er í skýrslu eftirlitsmanns og í greinargerð ÍA.

Úrskurðarorð:

Knattspyrnudeild ÍA skal sæta sekt að upphæð kr. 25.000,- til KSÍ.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson